



## 505. fundur Þingvallanefndar

10.maí 2023 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

**Mættir:** Vilhjálmur Árnason formaður, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Andrés Ingi Jónsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir í forföllum Oddnýjar Harðardóttur og Tómas A. Tómasson. Gestur: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri

Formaður setur fund.

Dagskrá

### 1. Ársreikningur 2022

Gestur: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri

Þjóðgarðsvörður og fjármálastjóri fara yfir rekstur ársins og kynna niðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2022. Ársveltan 2022 var 723,3 millj. og gjöldin 661 millj. Hreinn afgangur af rekstri voru um 46,9 millj. Ársreikningur 2022 endurspeglar aðhald í rekstri sem orsakaðaðist meðal annars af þrengingum í kjölfar Covid faraldurins og hruns í sértekjum 2020 og 2021. Þingvallanefnd fagnar góðri niðurstöðu en óskar eftir við þjóðgarðsvörð að ræða við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið að flytja rekstrarafgang yfir á árið 2023.

### 2. Breytingar á gjaldskrá

Þjóðgarðsvörður fer yfir gjaldskrá þjóðgarðsins og forsendur í rekstri 2023 og 2024. Þjóðgarðurinn var enn í aðhaldsaðgerðum árið 2022. Þrátt fyrir jákvæða niðurstöðu ársins 2022 er ljóst að allur kostnaður mun hækka árið 2023 sem verður að mæta með hækkun gjaldskrár. Árið 2023 hefur verið bætt verulega í starfsmannahald, landvörslu til að mæta áskorunum við mikla fjölgun ferðamanna. Launakostnaður mun aukast um 25% árinu en einnig hefur kostnaður við frávei aukist mjög mikið. Ástæðan er fjölgun salerna og því fleiri losanir seyru sem fylgir fjölgun ferðamanna. Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að vinna að endurskoðun allrar gjaldskrár þjóðgarðsins sem taki gildi á fyrsta ársfjórðungi 2024.

### 3. Verkefni um vöktun urriðans í Öxará

Gestur: Jóhannes Sturlaugsson, Laxfiskar ehf, kynnir áherslur í starfi sínu í rannsóknum og vöktun urriðans. Jóhannes hefur stundað rannsóknir og vöktun á urriðastofninum í Þingvallavatni í yfir 20 ár. Fjallað var um helstu niðurstöður og stöðu urriðans í Þingvallavatni. Þjóðgarðsverði falið að vinna að útfærslu verkefnis um vöktun urriðans.

### 4. Skógar og barrtré í þjóðgarðinum

Máli frestað

Fundi slitið